

Nd.

102. Frumvarp til laga

[62. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1948, um búfjárrækt.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Gíslason.

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Þegar hrossaræktarfélag eða önnur félag, sem vinna að kynbótum hrossa innan eins sýslufélags eða fleiri sameiginlega, mynda með sér samband um skipulag hrossa-kynbóta, geta þau fengið styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 12.00 á hverja hryssu, sem leidd er til þeirra kynbótahesta sambandsins, sem fengið hafa 1. verðlaun fyrir afkvæmi, og kr. 6.00 á hverja hryssu, sem leidd er til yngri hesta, ef ráðunautur B. Í. í hrossarækt hefur samþykkt val þeirra og notkun á félagslegum grundvelli.

Skilyrði fyrir, að styrkur þessi sé veittur, eru:

1. að hlutaðeigandi búnaðarsambönd eða aðrar stofnanir í héruðunum leggi hrossaræktarsambandinu jafnt á mótí ríkissjóði.
2. að folatollur sé eigi hærri en kr. 30.00 á hverja hryssu þeirra, sem í sambandinu eða sambandsfélagunum eru, og eigi hærri en kr. 50.00 fyrir hryssur utanfélagsmanna.
3. að $\frac{1}{2}$ af framlagi ríkissjóðs leggist árlega í fyrningarsjóð, sem eingöngu verði notaður til stóðhestakaupa í samráði við hrossaræktarráðunaut B. Í.

Á hverju sambandssvæði má eigi styrkja fleiri stóðhesta en svo, að minnst 200 hryssur fjögurra vetra og eldri verði um hvern styrktan stóðhest.

Hrossaræktarsambönd fá enn fremur 50% viðauka á girðingarstyrk, sem ákveðinn er í 35. gr. laganna.

Skipta skal hverju sambandssvæði niður í hæfilega stórar deildir, sem hver hefur eina girðingu, en auk þess má veita hrossaræktarsamböndum styrk til að koma upp 1—2 aukagirðingum til geymslu á ungum og efnilegum stóðhestum, sem nauðsynlegt þykir að dómi hrossaræktarráðunautar eða stjórnar hrossaræktarsambands, að ekki verði vanaðir, unz reynsla hefur fengizt á kynbótagildi þeirra.

Hrossaræktarráðunautur skal hafa eftirlit með, að girðingum þessum sé vel við haldið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki þykir ástæða til að gera aðra grein fyrir frv. þessu en þá, sem gerð verður í framsögu.